



**Afmæliskveðja
til
Oddfellowreglunnar á Íslandi
frá
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessyni**

Á tveggja alda afmæli Oddfellowreglunnar sendi ég félögum hennar á Íslandi og um heim allan heillaóskir. Öll þessi ár hafa Oddfellowar látið gott af sér leiða. Hér á landi höfum við notið þessarar samkenndar og manngæsku um árabíl eða allt frá því að danskir reglubræður réðust í að reisa holdsveikraspítalann í Laugarnesi undir lok nítjándu aldar. Um leið var grunnur lagður að stofnun fyrstu íslensku stúkunnar.

Eflaust er þessi saga ykkur kunn, ágætu Oddfellowar. Og eflaust vita margir landsmenn af hinum góðu verkum ykkar og þeirra reglusystkina sem á undan hafa gengið. Að hinu er þó einnig að gæta að þið hafið aldrei hreykt ykkur af því hinu mikla framlagi ykkar sem finna má víða í samfélaginu. Slíkur er ekki háttur Oddfellowa. En því ríkara er þakklæti okkar hinna fyrir fórnfýsi ykkar og þjónustulund, lítillæti og auðmýkt. Við þökkum enn fyrir spítalann í Laugarnesi, við þökkum fyrir atbeina við gerð berklahælisins á Vífilsstöðum og við þökkum annan dugnað ykkar og kærleiksverk nú um stundir, líknardeildina í Kópavogi, stuðning við Píeta-samtökin, Hjálparstarf kirkjunnar, Frú Ragnheiði og áfram mætti lengi telja.

Já, Oddfellowar, við Íslendingar og aðrir landsmenn þökkum ykkur þá vináttu, þann kærleik og þann sannleik sem þið hafið að leiðarljósi. Í nýrri sögu Oddfellowreglunnar er skerfi hennar til samfélagsins vel lýst. Þar má líka finna vísur sem samdar voru vegna ýmissa tímamóta fyrir á tíð, einatt með vísan í tíðaranda og það sem efst var á baugi hverju sinni. Og áfram streymir tímans þunga elfur. Nú er enn afmæli, þáttaskil, og enn efni til kveðju í bundnu máli sem kallast á við áskoranir okkar daga:

Trú á hið góða upp huga þinn herði,
og helgi þig veraldar smíði.
Með vináttu, kærleika og sannleikans sverði,
sigrar þú hatrið með friði.

(Eggert Benedikt Guðmundsson)